

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2018

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar, næringar, hreyfingar og tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Árangursríkar áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Árangursríkar forvarnir sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði svefni og hreyfingu.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*
- *Verkefni sem tengjast nýsköpun á sviði forvarna og heilsueflingar.*

Við úthlutun verður tekið mið af lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins, sbr. skjalið [Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri](#). (Útg. 2016)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2017 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is